Akureyrarbær

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
bt. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
Skúlagötu 4
101 REYKJAVÍK

Akureyri, 17. september 2020
2020090382 01-615

Efni: Umsögn Akureyrarbæjar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða

Ýmsar nýjungar í frumvarpinu eru til bóta. Sérstaklega ber að fagna þeirri breytingu að almennan byggðakvóta skuli miða við meðaltal byggðakvóta síðustu 3ja eða 10 ára eftir því hvort er hagstæðara fyrir byggðakjarnann (15. gr. b) og festa til sex ára. Einnig að sértækur byggðakvóti verði festur til allt að sex ára (15. gr. c). Fagna ber tillögu um varasjóð vegna óvæntra áfalla (15. gr. h) og sömuleiðis grein um tilraunaverkefni, þó með þeim fyrirvörum sem getið er um að neðan (15. gr. g).

Framangreint felur í sér fyrirheit um að hægara verði um vik að byggja upp sjávarútveg og fiskvinnslu í smærri byggðakjörnum til framtíðar og/eða brydda upp á nýjungum til bjargar smærri sjávarbyggðum. Þannig geti atvinnu- og byggðakvóti nýst til að tryggja byggðafestu í landinu og nýliðun í greininni.

Það er einkum þrennt sem Akureyrarbær gerir athugasemdir við:

1. Í frumvarpinu er víða talað um „byggðarlag“ en hugtakið hvergi skilgreint. Réttara væri að tala um byggðakjarna (sem er sums staðar gert) en það hugtak hefur verið skilgreint af Hagstofu Íslands (sbr. https://hagstofa.is/media/49840/endurskilgreining_hagstofu_islands_februar_2012.pdf). Hver er skilgreining á byggðarlagi? Hún þarf að liggja fyrir og vera hluti af frumvarpinu til glöggvunar á því við hvað er átt. Í 15. gr. b. segir að úthlutun skuli miðast við „byggðarlög“ með að hámarki 2.000 íbúum en 0,1% dragist frá fyrir hvern íbúa umfram 1.000 og kvótinn falli niður ef byggðarlag telji fleiri en 2.000 íbúa. Hver eru mörk byggðarlagsins? Hvað má vera langt á milli húsa til að þau geti talist til sama byggðarlags? Skilgreina þarf hugtakið eða nota orðið byggðakjarni sem þegar er skilgreint.

2. Nauðsynlegt er að festa betur í sessi ákvæði um að fjármunir úr varasjóði (15. gr. h) fari til nýsköpunar í viðkomandi byggðakjarna og til uppbyggingar atvinnulífs í smærri samfélögum til framtíðar. Í reglugerð sem kveða á um skilyrði fyrir úthlutun úr varasjóði þurfa að vera skýr ákvæði um að óheimilt sé að nota fjármuni úr

varasjóði til lögbundinna verkefna sveitarfélaga eða verkefna sem einkaaðilar geta innt af hendi. Hið sama gildir um svokölluð tilraunaverkefni (15. gr. g): Leggja þarf höfuðáherslu á að tilraunaverkefnin séu atvinnuskapandi og geti búið smærri sjávarbyggðum sem standa höllum fæti nýjan tilverugrundvöll til framtíðar þar sem þörf krefur.

3. Nýtt ákvæði til bráðabirgða (10. gr.) kveður á um óháð mat á árangri aðgerða, og hvort þær hafi náð markmiði sínu, sem vinna skal fyrir árslok 2026. Í greinargerð með frumvarpinu segir að markmið fiskstjórnunar sé að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna Íslands og tryggja þannig trausta atvinnu og byggð í landinu. Hins vegar skortir á að mælikvarðar um hvort markmiðum hafi verið náð séu skilgreindir í frumvarpinu. Við hvaða aðstæður þarf að grípa til enn frekari aðgerða til að tryggja byggðafestu? Mælikvarðar eru óljósir og huglægir.

Í heildina eru þær breytingar sem fyrirhugaðar eru með frumvarpi þessu til bóta en Akureyrarbær óskar eftir að tekið verði tillit til athugasemdanna að ofan.

Virðingarfyllst,

Ásthildur Sturludóttir
bæjarstjóri

Bæjarstjóri

Geislagata 9 600 Akureyri (354) 460 1000 asthildur@akureyri.is www.akureyri.is